

Minnisblað

Flateyrarvegur 64_Aðgerðir til að auka þjónustustig



1. Aðgerðir að auknu umferðaröryggi

Vegagerðin hefur að ósk Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis skoðað aðgerðir sem hægt væri að ráðast í til þess að auka umferðaröryggi á Flateyrarvegi yfir vetrartímann án þess að fara í þær kostnaðarsömu aðgerðir sem færsla á veginum og bygging vegskála eru.

Vegurinn í heild sinn var skoðaður með það að markmiði að finna möguleg tækifæri til úrbóta til þess að auka umferðaröryggi vegfarenda og kanna möguleikana á því að auka þjónustustigið á veginum þannig að hægt mögulega yrði hægt að fækka þeim tilvikum sem vegurinn yrði lokaður og/eða opnun vegarins yrði auðveldari.

Á meðalvetri er Flateyrarvegi lokað 2-3 á vетri vegna snjóflóða eða snjóflóðahættu. Óvissustig er sett á þegar taldar eru 10-40% líkur á að snjóflóð falli á veg og þá eru vegaferendur hvattir til þess að vera ekki á ferðinni að nauðsynjalausu. Hættustig er sett á og veginum lokað ef snjóflóð fellur á veg eða veður er þannig að ekki sé öruggt fyrir vegaferendur að vera á ferðinni.

Veturinn 2018-2019 var mildu vetur og Flateyrarvegi var ekki lokað né lýst yfir óvissustigi. Sama vetur var sex sinnum lýst yfir óvissustigi á Súðavíkurhlíð en veginum ekki lokað.

Veturinn 2019-2020 var veðrasamur og mikil snjósöfnun á Vestfjörðum sem og annarsstaðar á landinu, þann vetur var tíu sinnum lýst yfir óvissustigi á Flateyrarvegi og veginum lokað fimm sinnum og lýst yfir hættustigi. Til samanburðar var þennan sama vetur var tuttugu sinnum lýst yfir óvissustigi og 15 sinnum hættustigi á Súðavíkurhlíð.

Tillögurnar unnu ásamt undirrituðum starfsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði, Gísli Eiríksson ráðgjafi ásamt því að fundað var með starfsmönnum Veðurstofunnar.

2. Tillögur Vegagerðarinnar

Veturinn 2020-2021 hefur Veðurstofan verið að gera tilraunir með radarmælingar í hlíðinni fyrir ofan Flateyri í svokallaðri Skollahvilft. Lagt er til að settur verði upp ljósabúnaður tengdur við radarinn og vaktstöð Vegagerðarinnar. Radarinn nemur þegar að snjóflóð fer af stað mun þá kvíkna á aðvörunarljósum sem loka kaflanum. Tryggja þarf að kaflinn sé

ekki lengri en það að bílar nái út af hættusvæði áður en að flóð nær að vegi. Á kaflanum frá varnargaði að Hvílt er líklegt að það þurfi að skipta kaflanum í þrennt.

Lagt er til að skoðað verði að koma fyrir samskonar radar sem vaktar Selabólsurð og komið verði upp lokunarljós um sitthvoru megin við hana. Þessar aðferðir hafa verið mikið notaðar í Noregi til dæmis, því má leiða líkur á því að þetta ætti geta gefið góða raun hér á landi líka. Hægt væri að koma fyrir lokunarljós um við þrjá farvegi á þessu svæði við Selabólsurð, á Traðarnesi og undir Bæjargili.

Áætlaður heildar kostnaður við ljós og tengingar 150 m.kr

Lagt er til að farið verði í að útvíkka skeringu ofan vegar við Selabólsurð þar sem flest snjóflóðin eru að falla út á veg. Allt efnið sem kæmi úr þessari skeringu yrði notað til þess að lagfæra öryggissvæði vegarins, Flateyrarvegur er ansi þróngur á köflum og víða eru brattir fláar. Hægt væri að ráðast í þessar framkvæmdir óháð öðrum aðgerðum og myndi þær bæta umferðaröryggi vegarins.

Síða 2/2

Áætlaður kostnaður við skeringar og lagfæringar flá – 120 m.kr

Skoðað þarf möguleika á því að setja upp stálþil á valda staði á leiðinni með það að markmiði að ná að hindra minni snjóflóð í því að fari yfir veginn. Reynslan af þessum framkvæmdum yrði síðan nýtt í samráði við Veðurstofuna til þess að taka ákvarðanir varðandi skilgreiningar varðandi hættustig á veginum og lokanir.

Áætlaður kostnaður við uppsetning á stálþilum 400 metrar – 180 m.kr

Vegagerðin

Áætlaður heildar kostnaður við Flateyrarveg yrðu þá 450 m.kr miðað við að farið væri allar þessar aðgerðir.

Allar þessar aðgerðir bæta ástandið á Flateyrarvegi og auka öryggi vegfarenda, þær tryggja hins vegar ekki öryggi og greiðfærni og ljóst er að áfram verður snjóflóðahætta á veginum og honum lokað þegar hættustig er á svæðinu. Einungis reynslan af virkni þeirra aðgerða sem mögulega yrði farið í myndi segja til um hvort hægt yrði að fækka þeim tilvikum þar sem vegurinn yrði opinn. Til þess að tryggja öryggi á Flateyrarvegi þá vísar Vegagerðin í fyrri skýrslu þar sem lagt er til að ný veglína yfir Holtsós ásamt ný veglína og vegskáli undir Skollahvílt.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Sævarsson, formaður starfshópsins,